

Samningur um rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) kt. 700573-0799 og Vestfjarðastofa kt. 580518-1170, gera hér með sér samning um rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

1 gr.

Markmið samningsins er að formgera samstarf Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.

2. gr.

Vestfjarðastofa skuldbindur sig til að annast rekstur FV og umsýslu allra verkefna sem því tilheyra samkvæmt stefnumótun FV frá árinu 2016 og í samræmi við samrunaáætlun FV og Atvest frá árinu 2017 og í samræmi við samþykktir FV.

3. gr.

Stefnumótun Fjórðungssambands verði unnin af stjórn FV í samstarfi við starfsmenn Vestfjarðastofu.

4. gr.

Greiðslur vegna lögbundins framlags frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga og vegna árstíllags sveitarfélaga renna til Vestfjarðastofu til að standa undir rekstrinum í samræmi við þá samninga sem liggja til grundvallar fjárframlaganna.

Fjármunir vegna lífeyrisskuldbindinga FV, stjórnarlauna og vegna sérstakra verkefna sem stjórn tekur ákvarðanir um við gerð fjárhagsáætlunar eru undanskildar greiðslum til Vestfjarðastofu.

5. gr.

Skilað verður árlegum skýrslum til stjórnar FV vegna framvindu og þær lagðar fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga til umfjöllunar.

6. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn með eins árs uppsagnarfresti beggja aðila sem tekur gildi um næstu áramót eftir að samningi hefur verið sagt upp.

Ísafirði xx.xx.2018
